

drukkið talsvert af áfengi og ekið hér um bæinn undir áhrif-
um áfengis án þess þó að slys hlytist af.

Með þessu framferði, sem lýst er hér að framan, hefir kærð-
ur, sem ekki hefir áður verið refsað fyrir nokkurt afbrot, brotið
gegn 5. gr. bifreiðarlaganna og 20. gr. áfengislaganna, og
þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin
200 króna sekt, er renni í rikissjóð, og skal kærður jafnframt
sviftur leyfi til að aka bifreið í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms
þessa. Sektin greiðist innan 10 daga frá lögbirtingu dóms
þessa ella sæti kærður í hennar stað einföldu fangelsi í 15
daga.

Ennfremur greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 8. nóv. 1929.

Nr. 100/1929.

Réttvisin (Bjarni P. Johnson)
gegn

**Benjamin Ágúst Jenssini, Alfred
Nielsen, Ingólfi Andræssyni og Jóni
Þorsteinssyni** (Guðmundur Ólafsson).

Þjófnaður.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 15. júní 1929:
Ákærður, Otto Alfred Nielsen, á að vera sýkn af ákæru rétt-
visinnar í máli þessu.

Ákærðir, Benjamin Ágúst Jensson, Ingólfur Siggeir Nielsen
og Jón Bjarni Zakarías Frank Þorsteinsson, sæti hver um sig
fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga. Svo greiði
þeir in solidum 100 króna skaðabætur til Jónatans Þorsteins-
sonar og 80 kr. til Sigurðar Simonarsonar, svo og in solidum
allan kostnað sakarinnar.

Ef ákærðir greiða hinar ídæmdu skaðabætur innan 15 daga
frá lögbirtingu dóms þessa, skal fullnustu refsingarinnar frestað
og hún falla niður, nema ákærðir innan 5 ára frá uppsögn
dóms þessa, sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan
af ásettu ráði og í því dæmdir til þyngri refsingar en sekta.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Með því að fallast má á forsendur aukaréttardómsins um sýknun ákærða, Ottós Alfreds Niensens, á dómnum að því leyti að vera óraskað.

Þá er ákærða, Benjamíni Ágústi Jenssyni, í dómnum réttilega einum gefin sök á stuldi gúmmihjólanna undan bilum þeirra, Kerffis, Jóns Símonarsonar og Þorfinns Guðmundssonar, með því að ekki er gjörð grein fyrir því í prófunum, hversu háttáð hafi verið návist eins hinna samákærðu við stuld Ágústs á hjóli Kerffis, ekki Grettisgötu bilsins, bils Þorfinns, svo sem misritazt hefir í dómnum.

Enn verður eins og gjört er í dómnum að dæma hina ákærðu, Ágúst, Ingólf Andrésson og Jón Þorsteinsson, samseka um stuldinn úr bilnum RE. 163 innan við Lækjarhvamm og um stuldinn á hjóli því, er síðar var stolið hjá Jónatan Þorsteinssyni, þó þannig, að telja má, að Ágúst hafi unnið hina með fortölum til að fremja síðarnefnda brotið.

Hinsvegar verður að líta svo á, að Ingólfur og Jón hafi einir stolið fyrtekna hjólinu frá Jónatani, en Ágúst sé þjófsnautur að því.

Samkvæmt þessu ber að heimfæra brot Benjamíns Ágústs undir 1. mgr. 6. gr. laga nr. 51/1928, sbr. 53. gr. hegningarlagaanna, að því er snertir síðar stolna hjólið frá Jónatani og undir 240. gr. hegnl., að því er snertir kaup hans á fyrstolna hjólinu.

Brot ákærðu Ingólfs og Jóns, eru réttilega heimfærð undir 6. gr. fyrnefndra laga nr. 51/1928.

Þykir refsing Ágústs hæfilega metin 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, en Ingólfs og Jóns, hvors um sig, 20 daga samskonar fangelsi.

Um greiðslu iðgjalda skal dómnum óraskað.

Sama gildir um skilorðsákvæði dómsins, þó þannig,

að greiðslufrestur iðgjaldanna teljist frá birtingu dóms þessa.

Hinir ákærðu greiði allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talið sóknar- og varnar-kaup hér í rétti, 80 kr. hvort um sig, þannig, að Ágúst einn greiði $\frac{2}{3}$ hluti kostnaðarins, en þriðjung hans in solidum með Ingólfi og Jóni.

Það athugast, að rannsóknin er ekki svo ítarleg sem skyldi og að mat vantar á þýfinu.

Þ v í d æ m i s t r é t t v e r a :

Ákærði, Benjamín Ágúst Jensson, sæti 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og hinir ákærðu, Ingólfur Andrésson og Jón Þorsteinsson, hvor um sig, 20 daga samskonar fangelsi.

Um greiðslu iðgjalda og skilorð skal auka-réttardóminum óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur iðgjaldanna teljist frá birtingu dóms þessa.

Málskostnað í héraði og hæstarétti, þar með talið málf lutningskaup sækjanda og verjanda, málf lutningsmannanna, Bjarna Þ. Johnson og Guðmundar Ólafssonar, 80 kr. hvorum, greiði Benjamín Ágúst einn að $\frac{2}{3}$ hlutum og $\frac{1}{3}$ in solidum með Ingólfi og Jóni.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af réttvisinnar hálfu gegn Benjamín Ágúst Jenssyni, Grettisgötu 48, Ingólfi Þiggeir Nielsen, Laugaveg 37, B., Jóni Bjarna Zakarias Frank Þorsteinssyni, Skólavörðustíg 12, og Ottó Alfred Nielsen, Laugaveg 61, fyrir brot

gegn ákvæðum 23. kapitula alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og lögum nr. 51, frá 7. maí 1928, um nokkrar breytingar til bráðabirgða á hegningarlöggjöfinni og viðauka við hana, og eru málavextir að því, er hvern einstakann snertir, þeir sem nú skal greina.

Ákærður, Benjamín Ágúst Jenson, hefir viðurkennt, að hafa stolið gúmmiafturhjóli ásamt felgu af bifreið Kerff's bakarameistara, skömmu fyrir jólin í vetur, en bill Kerff's stóð þá fyrir utan hús hans, þetta hjól kveðst ákærður hafa sett undir bil Alfred Nielsen bakara, og skyldi það vera upp í greiðslu fyrir lán á þeirri bifreið. Kveðst hann jafnframt hafa sagt Alfred Nielsen hvernig hann væri að hjóli þessu kominn, þá hefir ákærður einnig viðurkennt, að þegar bakaraskemmtun var á Hotel Heklu 3. janúar þ. á., þá hafi hann stolið dekki af bil Jóns Simonarsonar, bakara, sem stóð fyrir utan Hotel Heklu. Dekk þetta setti ákærður einnig undir bifreið A. Nielsen, og kveðst hann einnig hafa sagt A. Nielsen, hvernig hann hafi fengið dekk þetta.

Þá hefir ákærður einnig viðurkennt, að hafa stolið dekki af bifreið, sem stóð fyrir utan hús eitt á Grettisgötunni, skammt fyrir innan hús það, sem ákærður býr í. Þetta dekk fór ákærður með heim til sin, og geymdi þar.

Eigandi þessa dekk, Þorfinnur Guðmundsson, bifreiðarstjóri, Laugaveg 23, hefir helgað sér dekk þetta og fengið það afhent hjá lögreglunni.

Einnig hefir ákærður viðurkennt, að hafa keypt af samákærðum Ingólfi Andræssyni og Jóni Þorsteinssyni 1 dekk, er þeir sögðu honum eftir á, að þeir hefðu tekið frá Jónatan Þorsteinssyni, og beið fyrir utan á meðan þeir Ingólfur og Jón sóttu eitt nýtt dekk, og fluttu upp í bil hans. Þetta dekk var geymt heima hjá ákærðum og hefir verið afhent eigandnum, Jónatan Þorsteinssyni.

Loks hefir ákærður játað við framhaldsrannsókn í þessu máli, að hafa ekið á síðastl. hausti með samákærðum Jóni Þorsteinssyni og Ingólfi Andræssyni og dreng að nafni Jón Guðsteinsson, inn að Lækjarhvammi, og kveðst ákærður hafa biðið í bil sinum meðan að félagar hans fóru þar að bilnum RE. 163, sem þar var í lamasessi, og tóku þá úr honum þurkara, tékk, peru og smurningsoliubrúsa með slatta á. Kveðst ákærður ekkert hafa fengið af þessum hlutum.

Ákærður, Alfred Nielsen, kveðst hafa lánað samákærðum,

Benjamín Ágúst Jenssýni; bifreið sína fyrir jólin í vetur og eftir nýjárið, er hann var að keyra vín fyrir áfengisverzlunina. Kveður hann Benjamín þá hafa sett eitt sinn nýtt dekk undir bilinn, og sagt sér, að það væri 90 króna stykki og kvaðst ætla að láta það ganga upp í leigu fyrir bilinn. Ákærður hefir eindregið neitað því, að Benjamín hafi sagt sér, að hann hafi stolið dekki þessu af bil Kerffis bakara. Jafnskjótt og hann komst að því, að dekk þetta væri stolið skrúfaði hann það undan bil sínum og afhenti það lögreglunni. Þá hefir ákærður skýrt svo frá, að er bakaraskemmtunin var haldin á Hotel Heklu, þá hafi hann beðið Benjamín að setja undir bil sinn hjól, sem ákærður kvaðst hafa átt geymt hjá honum. Setti Benjamín þá hjól undir bilinn, en það var ekki það hjól, sem ákærður átti. Kveður ákærður Benjamín hafa sagt sér, að hann ætlaði að láta hann hafa hjólið upp á það, að hann fengi lánaðan bil hjá honum seinna. Skömmu síðar komst það upp, að hjól þetta var stolið undan bil Jóns Simonarsonar bakara, sem stóð fyrir utan Hotel Heklu, er bakaraskemmtunin var, en ákærður neitar því eindregið, að hann hafi nokkuð vitað um, að svo var eða að Benjamín hafi sagt sér það.

Ákærðir, Ingólfur Siggeir Andrésón, og Jón Bjarni Zakarías Frank Þorsteinsson, hafa játað að hafa einu sinni, er þeir voru á gangi hjá húsi Jónatans Þorsteinssonar, séð biladekk fyrir framan húsið. Sögðu þeir Benjamín frá þessu og hvatti hann þá til að ná í biladekk fyrir sig, og náðu þeir þá í eitt dekk, og greiddi Benjamín þeim eitthvað af peningum fyrir, og ókeypis keyrslu í bil Benjamíns. Skömmu seinna stálu þeir í félagi öðru dekki af sama stað, og létu Benjamín hafa, enda keyrði hann þá í bil sínum á staðinn. Þá hefir ákærður, Jón Þorsteinsson, játað það, að hafa verið með Benjamín, er hann stal bildekkinu af Grettisgötunni. Loks hafa ákærðir játað, að hafa stolið ásamt Benjamín og dreng, að nafni Jón Guðsteinsón, úr bilnum RE. 163 inn við Lækjarhvamm, tékk, rafmagnsþurku, peru og smurningsoliubrúsa.

Skaðabótakröfur hafa komið fram í máli þessu, 100 krónur, frá Jónatan Þorsteinssýni og 80 krónur frá Sigurði Simonarsýni, fyrir hönd sonar hans Valdimars, sem átti bilinn RE. 163.

Að því er snertir ákærðan, Ottó Alfred Nielsen, sem kominn er yfir lögdalur sakamanna, fæddur 12. október 1906, og ekki hefir sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot, þá verður ekki hægt að telja það sannað, gegn eindregnum mót-

mælum hans, að hann hafi vitað um það, að biladekk þau, sem Benjamín setti undir bil hans, væri stolin. Verður því að sýkna hann af kærú réttvísinnar í þessu máli.

Ákærðir, Benjamín Ágúst Jensson, Ingólfur Siggeir Andrés-son, og Jón Bjarni Zakarías Frank Þorsteinsson, eru allir komnir yfir lögaldur sakamanna, Benjamín fæddur 6. ágúst 1902, Ingólfur fæddur 26. apríl 1912, og Jón fæddur 8. júlí 1911, og hafa ekki áður sætt ákæru né refsingu fyrir nokkurt afbrot.

Framantalin afbrot þeirra ber að álitu dómarsins að heimfæra undir 6. grein laga nr. 51 frá 1928, og þykir refsing sú, sem þeir hafa tilunnið hver um sig, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga.

Svo greiði þeir in solidum 100 króna skaðabætur til Jónatans Þorsteinssonar, og 80 krónur í skaðabætur til Sigurðar Símonarsonar. Svo greiði þeir og in solidum allan kostnað sakarinnar.

Með tilliti til þess, að brotið er ekki stórfellt og að hér er um fyrsta afbrot ákærdra að ræða, þykir mega ákveða, að refsingin skuli vera skilorðsbundin, samkvæmt ákvæðum 1. gr. laga nr. 39 frá 16. nóvember 1907, ef ákærðir greiða hinar ídæmdu skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dómsins, stafar af annriki dómarsins.

Miðvikudaginn 13. nóv. 1929.

Nr. 106/1929. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Pálma S. Pálmasyni (M. Guðmundsson).

Sýknaður af kærú fyrir ölvun.

Dómur lögregluréttar Neskaupstaðar 20. júlí 1929: Kærður, Pálmi S. Pálmason, greiði 75 króna sekt í ríkissjóð og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún fæst eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærður allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.